


BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tekjur foreldra /forsjarmanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila - R190800144

Bréf: Bréf

Málsnúmer: SFS2019080117

Bréfalyklar: 8.2 Frístundaheimili

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 08/23/2019

Dagsetning skjals: 08/23/2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill Móttökudags.	8.2 Frístundaheimili 08/23/2019	Málsnúmer Skráð í GoPro	SFS2019080117 23.08.2019
------------------------------	------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Bréf	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
		Er flokkað eftir aldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
		skjalalykli í	
		skjalasafni.	

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 23.8.2019 14:25:24

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tekjur foreldra/forsjarmanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila - R190800144

Tilvísun í mál: R19080144

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send skóla- og frístundaráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila - R190800144

BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila - R190800144

Lagt er til að borgarráð samþykki að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila. Foreldrar með 350 þ.kr. tekjur á mánuði og borga þar af leigu geta varla haft mikið aukreitis. Flokkur fólksins hefur lagt til að þeir foreldrar sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis fái gjaldfrjáls frístundarheimili en þeirri tillögu hefur verið hafnað. Á árinu 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna fjárhagsaðstoð til framfærslu. Margir þessara foreldra geta ekki greitt frístundargjaldið og lenda í vanskilum. Þá hefst afar tyrfin vegferð þeirra til að reyna að fá skuld sína afskrifaða. Flókið ferli er aldrei ódýrt. Ferli sem er á mörgum stigum og kemur inn á borð margra starfsmanna kostar peninga. Ferlið er auk þess óþarflega snúið því skóla- og frístundasvið hefur ekki heildarmyndina hjá sér, starfsmenn hafa engar upplýsingar um tekjur foreldra. Árið 2017 fengu 466 foreldrar 777 barna í Reykjavík fjárhagsaðstoð til framfærslu. Það sem verra er að enn fleiri þyrftu aðstoð en fá ekki. Hægt er að sækja um þriggja mánaða skuldaskjól. Matsreglur og umsóknarferlið er flókið og kemur inn á borð margra.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Til að fá þriggja mánaða skuldaskjól þarf foreldri að bíða stundum óratíma eftir viðtali hjá félagsráðgjafa. Ef skuldari er metin hafa greiðslugetu er skuldin send í innheimtu þar sem hún margfaldast fljótt. Foreldri sem ekki hefur getað greitt skuldina getur það varla eitthvað frekar þegar hún er komin með dráttvexti. Sé greiðslugeta neikvæð er beðið eftir greinargerð og stimpil frá afskriftarnefnd sem fundar tvisvar á ári. Á meðan skal skuldari greiða l áfallandi gjöld. Bak við hvert mál eru börn sem oft fara ekki varhluta af fjárhagsáhyggjum foreldra sinna og hér eru verið að tala um frístund fyrir börnin á meðan foreldrið vinnur. Hversu bættari er borgin ef barnið er ekki í frístund og foreldrið kemst ekki til vinnu? Flokkur fólksins leggur þess vegna til að gripið verði til sértækra aðgerðar fyrir þann skilgreinda hópur sem hér er rætt um og að tekjur foreldra hafi bein áhrif á gjald frístundarheimilis.